



Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingar í skattamálum**

Landssamtökin Heimili og skóli vilja benda þetta:

Í annað sinn á einu ári rýrir ríkisstjórnin framlög sín til barnafjölskyldna, þar sem framlög til barnabóta lækka nú um 500 milljónir eða rúm 10%. Jafnvel þótt tekjutenging barnabótaauka hafi í för með sér einhvern jöfnuð innan hópsins þá er ljóst að 500 milljónirnar fara út úr þessum málaflokki og eiga ekki afturkvæmt þangað í bráð sbr. skerðinguna í "bandorminum". **Barnabætur voru hugsaðar sem jöfnunarleið milli barnafólks og hinna sem ekki hafa fyrir börnum að sjá. Hvers eiga barnafjölskyldur að gjalda?**

**Hækkun tekjuskatta rýrir einnig tekjur foreldra og meira en sem nemur hækkun á barnabótaauka.** Hjón með tvö börn og meðalmánaðartekjur, 235 þús., borga 3.525 kr meira á mánuði í skatta og barnabætur minnka auk þess um rúmar 1600 krónur á mánuði.

**Skerðing á vaxtabótum** er tvímælalaust aðgerð sem bitnar illa á þeirri kynslóð sem nú er að strita við að eignast sitt fyrsta húsnæði eða að stækka við sig vegna fjölskyldustærðar. Ríkið rekur lánastarfsemi við íbúðakaupendur í gegnum ríkisstofnun, Húsnæðisstofnun, samkvæmt lögum sem sett eru af félagsmálaráðuneyti. Þannig styður ríkið þá stefnu að sem flestir eigi kost á að búa í eigin húsnæði. Til þess að fá húsnæðislán þarf fólk að fá greiðslumat og í því mati er tekið mið af tekjum fjölskyldunnar og vaxtabætur reiknaðar þar inní. Fólki er gert skylt að sækja ráðgjöf sérfræðinga til að skipuleggja fjármál sín þannig að endar nái saman í sambandi við íbúðarkaup. Það er óþolandi að ríkið skuli leyfa sér að kippa að sér hendinni fyrirvaralaust í þessu samkomulagi við íbúðakaupendur, ekki síst nú þegar fólk á erfiðara með að bæta sér slíkt tekjutap með yfir- eða aukavinnu. **Hvað er lagt á þá sem búa í skuldlausu, verðbólguniðurgreiddu húsnæði?**

**Aukin þátttaka foreldra í tannlæknakostnaði barna og lyfjakostnaði** er einnig dæmi um álögur sem barnlaust fólk sleppur við. **Skólagjöld í framhaldsskólum og bókaskattur á námsbækur** framhaldsskólanemenda munu einnig koma við pyngju foreldra.

Af framantöldu er ljóst að ríkisstjórnin er ekki samkvæm sjálfri sér þegar hún segist vilja "hlúa að fjölskyldunni sem grunneiningu í nútímasamfélagi, m.a. með markvissum úrbótum í húsnæðismálum og skóla- og heilbrigðismálum."

**Landssamtökin Heimili og skóli harma stefnu ríkisvaldsins í málefnum fjölskyldunnar eins og hún birtist í þessum skattabreytingum og vona að annarra leiða verði leitað.**